

**Nd. 488. Frumvarp til búfjárræktarlaga. [73. mál]**

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 77 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt um tilhögun búfjárræktarmála á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem líklegast þykir til árangurs, taka fram:

- a) að búfjárrækt heyri beint undir stjórn búnaðarsambands eða
- b) að með málefni einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, fari sérstök stjórn kosin af aðalfundi búnaðarsambands og er ábyrg gagnvart honum eða
- c) að verkefni búnaðarsambands á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, séu falin sérstökum búfjárræktarsamböndum — nautgripa-, sauðfjár- eða hrossaræktarsamböndum, sem starfandi eru eða stofnuð kunna að verða og mynduð eru af búfjárræktar- og búnaðarfélögum og hafa eigin stjórn og sérstök fjármál. Slík sambönd skulu þó jafnan gera hlutaðeigandi búnaðarsamböndum grein fyrir starfsemi sinni og fjárreiðum.

3. gr. hljóðar svo:

Rétt er hreppabúnaðarfélögum að setja sér samþykktir um að vinna að búfjárrækt í hreppnum. Þar skal taka fram:

- a) að búfjárræktarstarfsemi heyri beint undir stjórn búnaðarfélags eða
- b) að kosnar skuli sérstakar nefndir á aðalfundi búnaðarfélags til að vinna að málefnum einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, eða
- c) að verkefni félagsins á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, sé falið búfjárræktarfélögum, sem starfandi eru eða stofnuð verða. Eigi verður búfjárræktarfélag — hrossa-, sauðfjár- og nautgriparæktarfélag — löglega stofnað með færri en sex bændum.

Allar búfjárræktarsamþykktir búnaðarsambanda og búnaðarfélaga, svo og samþykktir búfjárræktarsambanda, skulu gerðar eftir fyrirmyndum frá Búnaðarfélagi Íslands og öðlast gildi, er staðfestar hafa verið af stjórn þess. Búfjárræktarsamband getur náð yfir fleiri en eitt búnaðarsambandssvæði. Á sama hátt getur búfjárræktarfélag tekið yfir fleiri hreppa en einn. Nú hefur verið staðfest samþykkt búfjár-

ræktarsambands eða búfjárræktarfélags, og renna þá til þeirra framlög þau, er lög þessi mæla fyrir um.

4. gr. hljóðar svo:

Ráðunautaþjónusta í búfjárrækt skal vera sem hér segir:

1. Búnaðarfélag Íslands ræður til sín búfjárræktarráðunauta, einn eða fleiri, á sviði hvernar búfjártegundar, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í búfjárrækt og hafa sérþekkingu á þeirri búfjárræktargrein, er þeir starfa við. Stjórn Búnaðarfélags Íslands setur þeim erindisbréf. Helztu verkefni þeirra eru:
  - a) Að vera stjórn Búnaðarfélags Íslands til ráðuneytis, hver á sínu starfssviði, og vinna fyrir hennar hönd að framkvæmd laga.
  - b) Að móta ræktunarstefnu, hver í sinni grein, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og semja þær reglur, er að því lúta.
  - c) Að veita forustu leiðbeiningaþjónustu, m. a. með því að fylgjast með hagnýtum nýjungum og niðurstöðum rannsókna og skýrsluhalds og kynna þær héraðsráðunautum og bændum.
  - d) Að sækja fundi búfjárræktarsamtaka.
  - e) Að gegna störfum aðaldómara á búfjárþýningum.
2. Búnaðarsambönd ráða til sín ráðunauta — héraðsráðunauta —, er vinna að eftirliti og leiðbeiningum í búfjárrækt. Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra svo og fjölda þeirra, að áskildu samþykki landbúnaðarráðuneytisins. Heimilt er stjórn búnaðarsambands að haga verkaskiptingu þannig, að sami ráðunautur sinni samhliða verkefnum í búfjárrækt og öðrum búgreinum, s. s. jarðrækt, fiskrækt o. s. frv., enda samþykki Búnaðarfélag Íslands það. Þar sem sérsambönd í búfjárrækt starfa með sjálfstæðum fjárhag, sbr. 2. gr. staflíð c, geta þau ráðið héraðsráðunaut að tilskildum ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Tvö eða fleiri búnaðarsambönd geta ráðið til sín ráðunaut sameiginlega, ef henta þykir. Helztu verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt eru þessi:
  - a) Að vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaga sé framfylgt; að búnaðarfélag framfylgi búfjárræktarsamþykktum sínum eða stofnuð séu sérstök búfjárræktarfélag, ef vænlegra þykir til árangurs; aðstoða félögin við starfsemi þeirra, gagnasöfnun og skýrsluhald; sjá um úrvinnslu skýrslna, þar sem þess er þörf, og túlka niðurstöður þeirra.
  - b) Að fara um meðal bænda, svo sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina um kynbætur, fóðrun og hirðingu, val ásetningsgripa, kaup og sölu kynbótagripa o. s. frv.
  - c) Að hafa yfirumsjón með forðagæzlu (sbr. 51. gr.).
  - d) Að hafa umsjón með rekstri sæðingarstöðva, uppeldi og afkvæmaprófun kynbótagripa í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands.
  - e) Að sækja fundi búnaðar- og búfjárræktarféлага til erindaflutnings og viðræðna við bændur.
  - f) Að undirbúa búfjárþýningar í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og gegna aðaldómarastörfum á þýningum, sem haldnar eru á vegum búnaðarsambandsins eða félaga innan þess.

Ríkissjóður greiðir 65% af launum héraðsráðunauta, og allt að 65% af ferðakostnaði þeirra, eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Laun þeirra, sem hundraðshluti ríkisins miðast við, skulu samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

23. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður leggur fram tvo þriðju hluta verðlauna á þýningum þeim, er um getur í 21. og 22. gr., en búnaðarsamband einn þriðja. Skal framlag ríkissjóðs vera sem hér segir:

Afkvæmaverðlaun á afkvæmasýningum:

a. hrútar:	I. verðlaun .....	kr. 3 000
	II. verðlaun .....	— 1 500
	III. verðlaun .....	— 600
b. ær:	I. verðlaun .....	— 900
	II. verðlaun .....	— 400
Enn fremur má veita heiðursverðl. á hrúta allt að		— 8 000

Verðlaun á héraðssýningum á sauðfé:

I. heiðursverðlaun á hrúta .....	kr. 1 600
I. verðlaun A .....	— 1 000
I. verðlaun B .....	— 600
Bezti afkvæmahópur .....	— 2 500
Bezti hrútur á sýningunni .....	— 1 600
Sveitaverðlaun fyrir þrjá beztu hrúta- hópa á sýningunni .....	— 2 000, kr. 1 500 og kr. 1 000.

29. gr. hljóðar svo:

Hrossaræktarfélag fá auk þeirra framlaga, sem um getur í 28. gr., framlag frá ríkissjóði, kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun sem einstaklingur á svæða-, fjórðungs- eða landssýningum, og leidd er til stóðhests, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun á sömu sýningum.

Framlag þetta hækkar um 50%, ef notaðir eru stóðhestar, sem hlotið hafa I. eða II. verðlaun fyrir afkvæmi, og 100%, ef stóðhesturinn hefur hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

31. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta stóðhesta, þar með talda hesta, sem ekki hefur verið hægt að vana sökum skapnaðargalla, ganga lausa í heimahögum og afrétti. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann, ef unnt er, og flytja til hreppstjóra. Takist það ekki, skal það tafarlaust tilkynnt hreppstjóra, sem þegar hlutast til um, að hestinum verði náð. Nú er kært yfir því, að stóðhestur gangi laus, en leit, er hreppstjóri fyrirskipar, ber eigi árangur, og greiðist þá kostnaður við hana af löggæzlufé viðkomandi lögsagnarumdæmis.

Hreppstjóri tekur í sína vörzlu þá stóðhesta, sem til hans eru færðir eða hann lætur handsama, og stendur skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku þeirra. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið honum til dómkvaddra manna. Hreppstjóra ber að selja þá stóðhesta, sem þannig eru teknir, á opinberu uppboði, með þeim innlausnarfresti, sem ákveðinn er í viðkomandi fjallskilareglugerð.

46. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningastörf um ræktun og hirðingu æðarvarps. Skal eftir föngum leiðbeina um umhirðu varps, myndun nýrra varpstöðva, meðferð dúns, eyðingu vargs og önnur þau atriði, er að gagni mega koma við nýtingu þessara hlunninda.

53. gr. hljóðar svo:

Í hverjum hreppi skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Hreppsnefnd kýs eða ræður þá að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni til næstu fjögurra ára og jafnmargra til vara. Skal þess jafnan gætt að velja til þess menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár.

Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela því framkvæmd forðagæzlumála, enda ráði stjórn þess forðagæzlumann.

Bæjarstjórnir geta, í samræmi við ákvæði 1. málsg. r. ráðið forðagæzlumann til þess að annast störf forðagæzlumanna samkvæmt þessum lögum, en bæjarstjórn er þetta aðeins skylt, ef Búnaðarfélag Íslands mælir svo fyrir. Bæjarstjórn, sem eigi ræður forðagæzlumann, skal á hverju hausti láta í té skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Ákvæði þessarar málsg. taka einnig til borgarstjórnar Reykjavíkur.

55. gr. hljóðar svo:

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjäreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjäreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhírði, skal forðagæzlumaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem sveitarstjórn eða trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjäreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita sveitarstjórn stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

56. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal eyðublað þetta gert í samráði við Hagstofu Íslands, er séu heimil afnot forðagæzluskýrslna til úrvinnslu. Forðagæzluskýrsla skal gerð í þrítí, og heldur forðagæzlumaður einu eintaki hennar til eigin nota og varðveizlu, eitt eintak gengur til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja skal sent Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni haustskoðun með undirskriftum bæði forðagæzlumanns og trúnaðarmanns viðkomandi búnaðarsambands. Hinn síðarnefndi skal hlutast til um, að skýrslur séu rétt gerðar og að þeim sé skilað fullnnum á tilskildum tíma.

Þegar forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsg. 55. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá sl. hausti, og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Sveitarstjórn semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitar-sjóði.

57. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands og/eða landbúnaðarráðherra geta krafist sveitarstjórnir, hvenær sem er, um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

58. gr. hljóðar svo:

Vilji búfjäreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns eða sveitarstjórnar eða hefur þær að engu, en fénaður hans liður eða fellur sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að álitu forðagæzlumanns eða trúnaðarmanns búnaðarsambands-

ins, er þessum aðilum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum.

59. gr. hljóðar svo:

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum, samkvæmt 58. gr., skal sæta sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00 eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður eða sveitarstjórn að gera sýslumanni aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

#### Ákvæði til bráðabirgða:

Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.